

Reykjavík, 28. febrúar 2018


Ályktun til stuðnings Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar varðandi lokaskýrslu vinnuhóps um safnamál í Borgarbyggð

Framkvæmdastjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema styður ályktun Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar um lokaskýrslu vinnuhóps skipuðum af byggðaráði Borgarbyggðar varðandi safnamál í Borgarbyggð. Það er afar mikilvægt að nemendur eða í það minnsta fulltrúar nemenda séu hafðir með í ráðum við ákvarðanatökur sem eiga án efa eftir að hafa talsverð áhrif á námsumhverfi þeirra og félagslíf.

Aðstaða nemenda í skólum þjónar mikilvægum félagslegum- og forvarnartilgangi með því að veita nemendum öruggan vettvang til félagsstarfa. Við teljum því að fyrirhugaðar breytingar geti haft mikil áhrif á nám og starf nemenda við MB. Við teljum að ekki eigi að taka ákvörðun um málefnið án aðkomu hlutaðeigandi aðila, bæði nemendur og kennara.

Við tökum undir áhyggjur Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar og stöndum á bak við þau í baráttu sinni fyrir hagsmuni nemenda við Menntaskólans í Borgarfirði.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Sambands íslenskra framhaldsskólanema



Davíð Snær Jónsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema